

Slysatrygging LSS - Hópvátrygging

Vátryggingarskilmálar nr. SS17

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. SS17
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Skyldur vátryggingartaka
7. Útreikningur iðgjalds
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Vátryggingarfjárhæð
11. Ákvörðun bóta
12. Breyting á skilmálum á vátryggingartímabili
13. Upphaf og lok vátryggingarverndar vátryggðs
14. Fyrning

1. Vátryggður

- 1.1 Slökkviliðs- og sjúkraflutningsmenn sem launagreiðandi greiðir sérstakt gjald fyrir í Tryggingasjóð landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna.
- 1.2 Vátryggður getur ekki gert fyrirvara um þátttöku í vátryggingu þessari.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins við störf vátryggðs sem slökkviliðs- eða sjúkraflutningsmaður.

3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

4. Bótasvið

- 4.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir ef það leiðir til:
 - 4.1.1 Andláts
 - 4.1.2 Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.
- 4.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:.

- 4.3 Af völdum skráningarskylds vélknúns ökutækis á Íslandi eða vélknúns ökutækis, sem skráð er erlendis, þar sem lögboðið er að vátryggja vegna slíkra slysa.
- 4.4 Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- 4.5 Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
- 4.6 Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.

5. Skyldur vátryggingartaka

- 5.1 Vátryggingartaki skal halda skrá yfir vátryggða starfsmenn sem falla undir vátrygginguna.
- 5.2 Vátryggingartaki skal sjá til þess án ástæðulauss dráttar að vátryggðir starfsmenn fái afrit af vátryggingarskírteini, skilmálum þessum og sameiginlegum skilmálum félagsins.
- 5.3 Vátryggingartaki skal senda vátryggðum starfsmönnum sem falla undir vátrygginguna skriflega tilkynningu um brottfall vátryggingar um leið og starfsmaðurinn fellur ekki lengur undir vátryggingaverndina.
- 5.4 Vátryggingartaki skal senda félaginu lista yfir vátryggða slökkviliðs- og sjúkraflutningsmenn þegar það óskar þess.

6. Útreikningur iðgjalds

- 6.1 Iðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá starfi vátryggðs.
- 6.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

7. Greiðsla iðgjalds

- 7.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalldaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 7.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

9. Vátryggingarfjárhæð

- 9.1 Vátryggingarfjárhæðir vegna dánarbóta og örorkubóta koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.2 Vátryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs.
- 9.3 Árleg lækkun vátryggingarfjárhæðar vegna örorku er 2 % af grunnfjárhæðinni og byrjar sú lækkun þegar vátryggður er 41 árs og endar við 65 ára aldur eða þegar vátryggingarfjárhæð örorkubóta hafa lækkað í 50% af upphaflegri fjárhæð.
- 9.4 Bætur reiknast á grundvelli vátryggingar fjárhæðar á slysdagi eins og hér segir:
- 9.4.1 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdagi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdagi.

10. Ákvörðun bóta

- 11.1 Dánarbætur
- 11.1.1 Látist vátryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdagi greiðast dánarbætur, að frádregnum bótum sem félagið kann að hafa greitt vátryggðum fyrir varanlega örorku vegna sama slyss.

11.1.2 Ef vátryggður deyr af völdum slyss, þegar meira en ár er liðið frá slysdagi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast örorkubætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati.

11.1.3 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti vátryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.

11.1.4 Félagið á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

11.1.5 Dánarbætur greiðast maka vátryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Ef dánarbætur eiga að greiðast öðrum þarf vátryggður að tilnefna hann sérstaklega með skriflegum hætti. Í slíkum tilvikum er réttahafinn skráður í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

10.1 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

10.1.1 Valdi slyss vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur.

10.1.2 Ekki eru greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 10%.

10.1.3 Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til, að ástand vátryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Vegna 100% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%.

10.1.4 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnvátryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdagi þannig að hvert örorkustig

frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar þrefalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 225% af grunnvátryggingarfjárhæð.

- 10.1.5 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.
- 10.1.6 Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið.
- 10.1.7 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 10.1.8 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og váttryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 10.2 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða váttryggðan.
- 10.3 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.

11. **Breyting á skilmálum á váttryggingartímabili**

Félaginu er heimilt að breyta skilmálum þessum á váttryggingartímabili, sbr. 133. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. **Framsaf**

Váttryggður eða forsjáarmaður hans má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum.

13. **Upphaf og lok váttryggingarverndar váttryggðs**

- 13.1 Ábyrgð félagsins gagnvart váttryggðum hefst þegar byrjað er að greiða fyrir hann í tryggingasjóð LSS.
- 13.2 Ábyrgð félagsins gagnvart váttryggðum fellur niður þegar hætt er að greiða fyrir hann í tryggingasjóð LSS.
- 13.3 Ef váttryggingunni er sagt upp, hún ekki endurnýjuð eða fellur úr gildi vegna vanskila váttryggingartaka, fellur hún úr gildi gagnvart váttryggðum einum mánuði eftir að félagið eða váttryggingartaki sendi tilkynningu til váttryggðs um brottfall hennar.

14. **Fyrning**

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 7. nóvember 2017.